

FUNDARGERÐ

Hópur:	Fundargerðir:
Efni:	70. fundur starfsmatsnefndar
Viðstaddir:	Árni R. Stefánsson; Kristín Þóra Harðardóttir; Anna Helgadóttir; Halldór Gunnarsson; Ragnar Ólason; Steinvör Laufey Jónsdóttir
Fundardagur:	13/04/2010
Tími:	09:00 - 09:45
Fundarstaður:	Bárubúð, Ráðhúsi Reykjavíkur

70. fundur starfsmatsnefndar haldin í Bárubúð Ráðhúsi Reykjavíkur
Þriðjudaginn 13.04.2010 og hófst hann kl. 9.00.

Mætt af hálfu stéttarfélaganna: Halldór Gunnarsson (StRv), Ragnar Ólason (Eflingu),
Mætt af hálfu Rvk: Árni Ragnar Stefánsson, Anna Helgadóttir og Kristín Þóra Harðardóttir.
Starfsmenn Starfsmats: Laufey Jónsdóttir.

Fundargerðir síðustu þriggja funda samþykktar og fyrir tekið:

I. Nýtt mat á störfum.

Laufey fór yfir hvaða störf væri verið að meta þessa dagana.

Búið er að taka þrjú viðtöl við UTM6500deildarstjóra UTM og eru þau viðtöl nú í vinnslu hjá ráðgjöfum. Þá er verið að taka viðtöl við fjóra starfsmenn í starfi ÍTR 6500aðstoðarmenn umsjónamanna á frístundaheimilum. Og í lok apríl er gert ráð fyrir einu viðtali fyrir starfið SKB6100umsjónamaður fasteignaskráningar.

II. Tilkynningar um nýtt endurmat á störfum.

Mál nr: 2010- 37 ÍTR6500rekstarstjóri Hins hússins.

Mál nr: 2010- 38 FMS6100gjaldkeri.

Mál nr: 2010- 39 FMS6100aðalgjalkeri.

III. Önnur mál.

Farið var stuttlega yfir stöðuna á endurmati elstu starfana frá 2004 sem ekki hafa hlotið neina endurskoðun. Ekki hafa öll sviðin svarað ennþá en nokkur hafa sent okkur listann til baka og merkt við þau störf sem þau telja að þurfi að endurmeta. Árni Ragnar mun síðan fara yfir það með þeim á starfsmannastjórafundi hvaða forvinnu sviðin þurfi að vinna til þess að hægt verið að ljúka við endurmat þessara starfa.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundi slitið kl. 9.45.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 27. mars 2010. kl. 09.00 í Bárubúð/Ráðhúsi Reykjavíkur.

Ath: Niðurstöður Starfsmatsnefndar á mati starfa eru sendar til launadeildar og starfsmannastjóra viðkomandi sviða og birtar á heimasíðu Reykjavíkurborgar við fyrsta tækifæri.